

ins, að gallar þeir, sem hér er um fjallað, séu þannig staðsettir og þess eðlis, að ætla megi með nokkurri vissu, að venjulegur kaupandi mundi að jafnaði ekki sjá þá við samviskusamlega skoðun, svo sem tíðkast við kaup notaðra bíla. Verður því ekki talið, að ákvæði 47. gr. kauplaga nr. 39/1922 standi því í vegi, að stefnandi eigi bótarétt að heimta hjá stefnda.

Að framan er rakin matsgerð þeirra Sigurgests Guðjónssonar og Jan Jansen, en henni hefur í engu verið hnekkkt. Fallast má á það með stefnanda, að hann hafi beðið tjón við kaup þeirra stefnda, sem nemi fjárhæð þeirri, sem matsmenn telja, að kosta muni að bæta úr umræddum göllum, þ. e. kr. 226.000. Ber að dæma stefnda til greiðslu þeirrar fjárhæðar auk umkrafðra vaxta, en eigi þykja vera efni til að taka til greina kröfu stefnanda um bætur, kr. 10.000, vegna afnotamissis.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, þ. m. t. matskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 149.000.

Dómur þessi er upp kveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni héraðsdómara og meðdómendunum Braga Sigurjónssyni bifvéla-virkjameistara og Ragnari Valssyni bifreiðasmíðameistara.

#### Dómsorð:

Stefndi, Emil Pálsson, greiði stefnanda, Vélsmiðjunni Faxa h/f, kr. 226.000 með 19% ársvöxtum frá 11. maí 1978 til greiðsludags og kr. 149.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. desember 1981.

Nr. 253/1981. Ákærvaldið

gegn

**Davíð Ólafssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 3. þ. m. hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 3. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinsyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði í gær þá kröfu, að Davíð Ólafssyni, Nönnugötu 3 A hér í borg, fæddum 28. júlí 1956, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 16. desember nk., kl. 1700, vegna ætlaðra fjársvika hans. Kærði hefur mótmælt kröfu þessari.

Dómarinn tók sér 24 klukkustunda frest til þess að úrskurða um kröfuna, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og 66. gr. laga nr. 74/1974.

Í dag gerði réttargæslumaður kærða, Hrafnkell Ásgeirsson hæstaréttarlögmaður, þá kröfu, að dómarinn úrskurðaði um afhendingu gagna í málinu, en dómarinn synjaði því með bókun, sbr. 4. tl. 170. gr. laga 74/1974.

Á hendur kærða og fleirum eru nú eftirtalin mál til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins:

Mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 3062/81:

Sighvatur Andrésson, sem nú situr í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á ætluðum fjársvikum hans, hefur skýrt svo frá, að hann hafi fyrir nokkru látið kærða hafa blanco víxla, samþykkt til greiðslu af Sighvati, en útgefna af Guðmundi Edwin Þór Björnssyni, en óútfyllta að öðru leyti. Kvað Sighvatur, að víxla ætti að nota til kaupa á bifreið, sem síðan ætti að selja og skipta svo andvirðinu milli Sighvats, kærða og Kristins Jónssonar, sem einnig situr í gæsluvarðhaldi.

Sighvatur hvað kærða hafa spurt sig að því, hvort Sighvatur gæti útvegað nöfn á víxla, og hafi aldrei verið rætt um greiðslu á víxlunum, en þeim hafi öllum verið það ljóst, að þarna var um að ræða víxla, sem ekki átti að greiða. Kvað Sighvatur kærða hafa átt að fá í sinn hlut  $2/3$ , en Sighvatur og Kristinn áttu hvor um sig að fá þriðjung (sic).

Kærði hefur borið, að Jóhann Jósefsson hafi ætlað að hafa milligöngu um kaup Sighvats á skartgripum af kærða. Sighvatur hafi hins vegar hætt við kaupin, en Kristinn Jónsson keypt skartgripina af kærða og greitt þá með víxlum, samþykktum til greiðslu af Sighvati og útgefnum af Guðmundi Edwin Þór Björnssyni. Kærði kveðst hafa kafið Sighvat um greiðslu á fyrsta víxlinum, er gjaldféll þann 15. október sl. Kvað kærði Sighvat hafa talið upp ýmsar eignir, sem hann ætti, m. a. í Stykkishólmi.

Kærði kvaðst hafa notað alla víxlana, nema þann fyrsta, í viðskiptum við kunningja sinn, Emil Pálsson. Í gærkvöldi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins Kristján Hoffmann. Kvaðst Kristján hafa fengið þrjá víxla hjá kærða þann 20. nóvember sl. vegna bifreiðaviðskipta, var einn víxillinn að upphæð kr. 10.000.00, með gjalddaga þann 1. febrúar 1982, samþykktur til greiðslu af Sighvati og útgefinn af Guðmundi Björnssyni. Tveir víxlanna voru að fjárhæð kr. 5.000.00 hvor. Kvað Kristján kærða hafa talað um, að Sighvatur og Guðmundur væru eignamenn. Kristján kvað kærða einnig hafa beitt sig svikum vegna kaupa á Peugeot bifreið Kristjáns, taldi Kristján sig ekki hafa fengið greiddar nema kr. 2.000.00 fyrir bifreiðina, sem kærði átti að greiða kr. 18.000.00 fyrir, og jafnframt sæti Kristján uppi með ofangreinda víxla að fjárhæð kr. 20.000.00. Kærði hefur við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins ekkert nefnt þessi viðskipti við Kristján Hoffmann.

Kærði hefur borið, að Sighvatur hafi keypt af sér fjögurra tonna trillu á kr. 60.000.00 í víxlum. Kvað kærði Sighvat til viðbótar kaupverði trillunnar hafa látið sig hafa víxil að fjárhæð kr. 15.000.00, sem átti að vera framlenging á þrem fyrstu víxlunum, sem komu út úr viðskiptunum með skartgripina við Kristján. Kærði kveður Arngrím Pálmason og Emil Pálsson hafa fengið eitthvað af öllum ofangreindum víxlum.

Sighvatur hefur sagt framburð kærða um trillukaupin rangan, og þverneitar hann að hafa keypt trilluna.

Kristinn Jónsson kveðst hafa keypt skartgripi af kærða og

greitt fyrir þá með víxlum, sem hann fékk í viðskiptum við Sighvat, samtals kr. 40.000.00.

Kristinn hefur borið, að Sighvatur hafi tjáð sér, að Sighvatur ætti að láta kærða hafa kr. 70.000.00 í víxlum og í þóknun ætti Sighvatur að fá kr. 10.000.00 í peningum frá kærða. Hafi Sighvatur á pappírnum átt að fá bát, sem átti að vera yfirskin til að fódra með viðskiptin. Á afsölum átti að koma fram, að Jón Ármann Guðmundsson væri sagður seljandi bátsins, en Kristni skildist, að Jón Ármann væri eigandi bátsins. Kvað Kristinn kærða hafa ætlað að nota víxla þessa til kaupa á bifreið á bílasölu Eggerts. Kristinn kvaðst hafa farið margar ferðir með Sighvati til kærða til að reyna að innheimta þóknunina fyrir víxlana hjá kærða, en kærði hafi látið Sighvat hafa einhverjar smáupphæðir og leyft honum að taka út vörur í sjoppu kærða í Höfðatúni 10. Kristinn skýrði einnig frá því, að kærði hefði sagt, að báturinn væri einungis til þess að sýna, að einhver verðmæti væru fyrir víxlunum. Kristinn kvað kærða hafa reynt að selja bátinn manni í Keflavík.

Kristinn hefur skýrt frá því, að hann, kærði og Sighvatur hafi ætlað að kaupa Malibu bifreið, sem greiðast átti með víxlum frá Sighvati, og átti hver um sig að fá 1/3. Ekkert hafi orðið úr þessum viðskiptum.

Mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 2417/81:

Hér er um að ræða kæru Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns á hendur kærða fyrir ætlað brot gegn 250. gr. almennra hegningarlaga, en við fjárnám, sem fram fór þann 19. ágúst 1980, benti kærði á bifreiðina Í 1524, en kærði reyndist þá vera búinn að selja bifreiðina. Kærði kveðst hafa selt bifreiðina, eftir að fjárnámið fór fram.

Mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 3063/81:

Sighvatur Andrésson hefur borið, að hann hafi látið Kristin Jónsson og Jóhann Ósland Jósefsson hafa víxla, samtals að fjárhæð kr. 30.000.00 sem greiðslu á fatnaði. Var Sighvatur samþykjandi á víxlunum, en Guðmundur Edwin Þór Björnsson útgefandi. Mun Kristinn hafa notað víxla þessa í viðskiptum við kærða.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, er ljóst, að kærði er undir rökstuddum grun um stórfelld svik í viðskiptum, og er framburður kærða í verulegu ósamræmi við framburði annarra aðilja í máli þessu.

Þar sem rannsókn mála þessara er á algeru frumstigi, og eftir er að taka skýrslur af fjölmörgum, er borið geta um ofangreind viðskipti, og nauðsynlegt þykir að koma í veg fyrir, að kærði geti spillt sakargögnum með óskertu frelsi sínu, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða hugsanlega samseka, þykir með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. t.l. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 rétt að taka til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. desember 1981, kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

#### Úrskurðarorð:

Kærði, Davíð Ólafsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. desember 1981, kl. 1700.

Þriðjudaginn 8. desember 1981.

Nr. 187/1979. **Margrét Ólafsdóttir**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

gegn

**Gísla Hjálmarssyni**

(Othar Örn Petersen hrl.).

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 17. október 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Hann krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.